

Örþættir úr skólasögu 4: Stofnun Kennara- og uppeldisháskóla Íslands 1995–1997



Ó
la
f
u
r
H
·
J
ó
h
a
n
n
s
s
o
n

Skólaþræðir birta nú minningarbrot Ólafs Helga Jóhannssonar um verkefni sem hann tók að

sér á langri starfsævi og hann nefnir *Örþætti úr skólasögu*. Ólafur kom m.a. mjög að þróun kennaramenntunar, ekki síst menntun skólastjórnenda, mótun menntastefnu í aðdraganda að flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna, sem og að ritstjórn aðalnámskrárinnar 2011/2023. Inngang Ólafs að þessum skrifum má lesa **hér**.

Hér segir Ólafur frá þátttöku sinni í undirbúningi að breytingum á Kennaraháskóla Íslands, sem var forsenda þess að hægt væri að sameina hann Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

*Menntunin tendrar margs konar neista,
en mannkynsins ganga sýnir það,
að heldur er valt á heilann að treysta
ef hjartað er ekki á réttum stað.*

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Menntun grunnskólakennara fluttist á háskólastig á Íslandi árið 1971 og möguleikar þeirra til endurmenntunar og framhaldsnáms voru styrktir með lögum nr. 29/1988. Menntun framhaldsskólakennara var við Háskóla Íslands, en Kennaraháskóli Íslands annaðist kennaramenntun list- og verkgreinakennara. Menntun íþróttakennara fór fram í Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni, menntun leikskólakennara var í Fósturskóla Íslands og menntun þroskaþjálfara var við Þroskaþjálfaskóla Íslands. Þessir þrír síðast töldu skólar voru í vissum skilningi á „gráu svæði“ á mörkum framhaldsskóla og háskóla því í reynd var stúdentspróf meginskilyrðið fyrir inngöngu. Áður hafði menntun hússtjórnarkennara flutt í Kennaraháskóla Íslands.

Talsvert var þrýst á að menntun þessara þriggja stétta yrði færð á háskólastig eins og var um menntun grunnskólakennara. Kom sá þrýstingur bæði frá stofnunum og fagfélögum.

Ráðuneytið féllst á röksemdir um endurskoðun á menntun þessara starfsstétta og skipaði nefnd til að gera tillögu um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi. Í nefndaráliti sem menntamálaráðuneytið gaf út í mars 1995, er sett fram þessi tillaga: „Nefndin leggur til að Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinist Kennaraháskóla Íslands í einum kennaraháskóla.“

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands (lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97) segir:

Í nóvember 1995 fól menntamálaráðherra embættismönnum menntamálaráðuneytisins ásamt Ólafi H. Jóhannssyni, endurmenntunarstjóra Kennaraháskóla Íslands, að undirbúa drög að frumvarpi. Fyrstu hugmyndir ráðuneytisins um frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla voru kynntar forsvarsmönnum áðurgreindra stofnana á fundi í mars 1996. Eftir að ráðuneytið hafði unnið frumvarp að lögum um háskóla var vinnu við frumvarp þetta haldið áfram og þá höfð hliðsjón af þeim hugmyndum sem frumvarp til laga um háskóla byggjast á.

Í nóvember 1995 fól menntamálaráðherra embættismönnum menntamálaráðuneytisins ásamt Ólafi H. Jóhannssyni, endurmenntunarstjóra Kennaraháskóla Íslands, að undirbúa drög að frumvarpi. Fyrstu hugmyndir ráðuneytisins um frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla voru kynntar forsvarsmönnum áðurgreindra stofnana á fundi í mars 1996. Eftir að ráðuneytið hafði unnið frumvarp að lögum um háskóla var vinnu við frumvarp þetta haldið áfram og þá höfð hliðsjón af þeim hugmyndum sem frumvarp til laga um háskóla byggjast á.

Fyrsta vinnudag ársins 1997 í hinu nýja verkefni var ég mættur við dyrnar á menntamálaráðuneytinu laust fyrir kl. 9:00. Í sömu mund kom Björn Bjarnason menntamálaráðherra til vinnu. Hann heilsar mér og segir svo; „Þú ert kominn til að aðstoða okkur.“ Ég uppveðraðist og svara játandi. Ráðherra botnar setninguna og segir: „Ég hefði nú haldið að það hefði átt að fá lögfræðing í þetta.“ Frekari orðaskipti áttu sér ekki stað að þessu sinni. Ég túlkaði orð ráðherra á þann veg að hann hefði látið formanni nefndarinnar eftir að ráða þessu.

En hvernig átti að bera sig að? Sameining gróinna stofnana sem hafa sín sérkenni og menningu er vandasöm. Tveir kostir virtust í stöðunni. Annar var að Kennaraháskólinn víkkaði verksvið sitt og tæki yfir starfsemi hinna skólanna. Hinn kosturinn var að þessir fjórir skólar væru lagðir niður og upp risi ný stofnun með nýju nafni til að undirstrika breytinguna. Síðari kosturinn var valinn, að um væri að ræða nýja stofnum sem hlaut í frumvarpinu heitið Kennara- og uppeldisháskóli Íslands. Frumvarpinu var vel tekið og samþykkt samhljóða. Við lokaafgreiðslu var þó ákveðið að halda heitinu Kennaraháskóli Íslands. Þótt Kennaraháskólinn hafi formlega verið lagður niður og starfsemin flutt í hinn nýja skóla var það fyrst og fremst táknrænn gjörningur. En hann skipti máli, ekki síst fyrir sjálfsmynd kennaranna sem fluttust á háskólastig.

Þessi lagasmíð var mun einfaldari en vinnan við lögin um Kennaraháskólann sem tóku gildi árið 1988. Fyrir lá frumvarp til laga um háskóla sem voru rammalög um háskólastigið. Í öllum meginatriðum var ákvörðunarvald lagt í hendur viðkomandi stofnunar.

Menntamálaráðherra var kunnugt um baráttuna fyrir lengingu kennaranámsins og einhverju sinni vorum við samferða inn á fund í ráðuneytinu til að kynna frumvarpsdrögin þá spyr hann mig glaðhlakkalega hvort ég hafi haldið til streitu ákvæðinu um fjögurra ára kennaranám, en í frumvarpinu voru engin ákvæði um lengd náms. Sú ákvörðun var lögð í hendur viðkomandi háskóla þótt vissulega hefði ráðuneytið síðasta orðið með ákvörðun um hvaða kröfur væru gerðar til að öðlast starfsréttindi sem grunnskólakennari.

Þegar sýnt var að lögin yrðu samþykkt var næsta skref til undirbúnings tekið.

Með bréfi dagsettu 23. desember 1996 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að „endurskoða námskrár Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Proskaþjálfaskóla Íslands með það fyrir augum að aðlaga kennsluna að háskólastigi og undirbúa þannig stofnun uppeldisháskóla“ eins og segir í erindisbréfi hennar. Tekið er fram að nefndin skuli ljúka störfum fyrir 15. júní 1997. Viðfangsefninu var því skorinn þröngur stakkur.

Hver skóli tilnefndi einn fulltrúa í nefndina sem Stefán Stefánsson sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu veitti formennsku. Undirritaður var ráðinn starfsmaður nefndarinnar í byrjun árs og var það í þriðja sinn sem ég var lánaður niður í menntamálaráðuneyti. Þetta var ekkert framandlegt í mínum huga, ég þekkti vel frá æskuárum að húsbændur lánuðu vinnumenn sína á aðra bæi ef þar var þörf á auknu vinnuafli til ákveðinna verka, t.d. við rúningu á sauðfé, smalamennsku eða steypuvinnu. Því þá ekki námskrárvinnu?

Nefndin tók þegar til starfa. Ákveðið var að leggja áherslu á að gaumgæfa hvaða snertifleti námskrár skólanna fjögurra hefðu eða gætu haft. Skilgreind voru tólf viðfangsefni eða efnissvið sem gætu verið sameiginleg í námskrám skólanna og skipaðir voru starfshópar til að útfæra hvert viðfangsefni. Þarna gætu verið umtalsverð samlegðaráhrif. Í hverjum hóp var einn fulltrúi frá hverjum skóla. Þessi tilhögun átti einnig að efla tengsl milli kennara þessara skóla.

Nefndarmönnum var frá upphafi ljóst að ráðuneytið setti hinum nýstofnaða skóla ekki námskrá. Það væri í höndum skólans sjálfs. En vinna nefndarinnar og þeirra starfshópa sem hún setti á fót gæti flýtt fyrir því verki og lagt sitt af mörkum til að efla tengsl milli starfsmanna. Fram kom á fundum nefndarinnar að fulltrúum skólanna var mikið í mun að gæta sérstöðu síns skóla og sameiningin mætti ekki rýra sérhæfingu hvernar starfsstéttar.

Í júní 1997 skilaði nefndin tillögum sínum umdir heitinu *Nefndarálit: Kennara- og uppeldisháskóli Íslands. Drög að námskrá*. Skýrslan er 119 blaðsíður með viðaukum. Efnið

verður ekki rakið hér, aðeins drepíð á helstu viðfangefni.

Í upphafi er saga þessara fjögurra skóla rakin í örstuttu máli. Því næst er fjallað um kennsluhætti og vinnubrögð í háskóla. Þá er fjallað um megintilgang náms hvers skóla og lýst heildarskipan þess og skiptingu á meginsvið. Því næst er gerð grein fyrir níu sameiginlegum þáttum námsbrauta, en ítarlegri lýsingar er að finna í viðauka. Í lokin er lýst valþáttum í námi, vettvangsnámi, námsmati og prófum og stofnanamati. Samtals lögðu 44 sérfræðingar fram vinnu við þessa þætti.

Árni Guðmundsson, skólastjóri Íþróttakennaraskólans, sem sat í nefndinni skilaði greinargerð þar sem hann gerði athugasemd við framkomna hugmynd um að fyrsta misseri yrði sameiginlegt öllum nemendum.

Eftir að lögin tóku gildi var hafist handa við að móta námið í hinum „nýja“ skóla. Ljóst var að þeir sem gættu hagsmuna þeirra stétta sem nú færðust á háskólastig höfðu á tilfinningunni að Kennaraháskólinn hefði í reynd yfirtekið gömlu sérskólana og voru þess vegna í fyrstu á varðbergi. En engin sérstök vandkvæði komu fram og það er, held ég, samdóma álit þeirra sem þarna áttu hlut að máli að vel hafi tekist til í öllum meginatriðum. Erfitt er að meta hver voru áhrif nefndarinnar á sameininguna. Námsbrautir hafa verið í stöðugri þróun fram til þessa dags og tekur sú þróun bæði til skipulags og inntaks.

Eftirmáli

Ekki leið á löngu þar til sameining var aftur á dagskrá, þ.e. hugmyndin um að Kennaraháskólinn sameinaðist Háskóla Íslands. Nú voru engar tilögur um að reisa eina stofnun á rústum tveggja, heldur yrði Kennaraháskólinn lagður niður og starfsemin flutt til Háskólans og yrði þar eitt af fimm sviðum skólans, menntavísindasvið. Sú varð raunin og verður það ferli ekki rakið hér. Vangaveltur um hvort menntun fagstétta á sviði uppeldis- og menntuarfræða væri betur sett í sjálfstæðum háskóla heldur en sem deild í Háskóla Íslands þjóna ekki miklum tilgangi, en mér vitanlega er ekkert sem bendir til þess að staða þessa sviðs sé lakari en annara sviða. Þó vissulega hafi verið til бага fyrir Kennaraháskólann að vera ekki nær höfuðstöðvunum á Melunum. Það stendur til bóta því Háskólinn hefur ásamt Félagssstofnun stúdenta, keypt Hótel Sögu, sem í huga margra heitir Bændahöllin en hefur hlotið heitið Saga. Nafnið Menntavísindahöllin hefði líka sómt sér vel. Þegar þetta er skrifað hefur menntavísindasvið flutt starfsemi síns vestur á Melana og er þá langþráðu marki náð.

Heimildir

Frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. (Lagt fyrir Alþingi á 121.

löggjafarþingi 1996–97. <https://www.althingi.is/altext/121/s/0886.html>

Menntamálaráðuneytið. (1997). *Nefndarálit: Kennara- og uppeldisháskóli Íslands. Drög að námskrá*. Höfundur.

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/nefndal_it_kenn_og_upphsk_drog_97.pdf



Saga, hin nýju húsakynni Menntavísindasviðs.

Um höfund

Ólafur H. Jóhannsson (1943) er fæddur og uppalinn í Hnausakoti í Miðfirði. Hann stundaði almenn sveitastörf til 15 ára aldurs. Gekk í farskóla frá 9 til 12 ára og var nokkrum árum síðar tvo vetur í Reykjaskóla í Hrútafirði. Ólafur lauk kennaraprófi frá Kennaraskólanum 1966, stúdentsprófi 1968, BA-prófi frá Háskóla Íslands 1974 og meistaragráðu frá háskólanum í Bristol 1988. Hann var um árabil skólastjóri Æfingaskóla Kennaraháskólans og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands).

SKÓLAÞRÆÐIR
TÍMARIT LAUTARA ÁHRUFÓLKS UM SKÓLAÞRÆÐIR

Grein birt 29. desember 2025